



**42. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands
haldinn á Ísafirði 20. október 2018**

DAGSKRÁ:

13:30

FUNDARSETNING:

KOSNING STARFSMANNA FUNDARINS:

FUNDARSTJÓRAR

FUNDARRITARAR

YFIRLIT YFIR STÖRF FRÁ SÍÐASTA ÞINGI:

SKÝRSLA STJÓRNAR

REIKNINGAR LAGÐIR FRAM

UMRÆÐUR

AFGREIÐSLA REIKNINGA

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

KYNNING, STAÐA UNGMENNABÚÐA, LANDSMÓTIÐ,

FRAMTÍÐARSKIPULAG ÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR

MÁL LÖGÐ FYRIR FUNDINN:

FJÁRHAGSÁÆTLUN

ÖNNUR MÁL FRÁ STJÓRN

ERINDI OG MÁL FRÁ SAMBANDSAÐILUM

UMRÆÐUR OG MÁLUM VÍSAÐ TIL NEFNDA

NEFNDASTÖRF

15:30

KAFFIHLÉ

NEFNDIR SKILA ÁLITI, AFGREIÐSLA MÁLA

18:00

ÖNNUR MÁL

FRÁ SAMBANDSAÐILUM

19:00

FUNDARSLIT

ÍSAFJARÐARBÆR BÝÐUR Í FORDRYKK

UMFÍ BÝÐUR TIL KVÖLDVERÐAR



Fundarsetning

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Ég býð ykkur öll velkomin til 42. sambandsráðsfundar UMFÍ. Nú er um ár liðið frá síðasta þingi og mín tilfinning er að samtök okkar hafi verið að eflast og styrkjast. Þó er það verkefni sífellt í vinnslu, þ.e. að bæta og styðja við ímynd okkar og efla starfið, en ég tel að það sé á góðri leið.

Ég vil hér í upphafi þakka stjórn og starfsfólki fyrir vel unnin störf og ég vonast eftir öflugum starfi áfram. Á sama hátt vil ég þakka samstarf við sambandsaðila okkar en það hefur verið gott.

Okkar tími, þ.e. stjórnar og starfsfólks, hefur mikið farið í að vinna að undirbúningi þeirra viðburða sem samtökin standa að þ.e. Hreyfivikunnar, Landsmótsins á Sauðárkróki, þar sem Landsmót 50+ var felld inn í það mót, og svo Unglingalandsmótsins. Að flestu leyti gengu þessir viðburðir vel. Þó má benda á að það hefur verið nokkuð þyngra en áður að fá styrktaraðila til að koma með okkur í verkefni og er það áhyggjuefni. Allar ákvarðanir um peningalega styrki sem einhverju nema virðast þurfa að koma frá höfuðstöðvum fyrirtækja sem oftast eru á höfuðborgarsvæðinu.

Þá höfum við unnið mikið að málefnum sem tengjast Ungmenna- og tólmstundabúðunum að Laugum í Sælingsdal og væntanlegum breytingum þar, einkum málum tengdum Laugarvatni. Einnig málum tengdum Einkaleyfastofu sem varða heitið Landsamband ungmennafélaga. Þá má nefna málefni tengd Felix, málefni barna og ungmenna af erlendum uppruna og #metoo málefna, þar sem við höfum verið í starfshópi mennta- og menningarmálaráðherra. Málefni Þrastalundar og Þrastaskógar eru í erfiðri stöðu en við viljum fara rétt að til að fá farsæla lausn sem er öllum til hagsbóta. Frekari yfirferð hinna ýmsu verkefna er í ársskýrslu okkar.

Sé litið til framtíðar, þá eru helstu verkefni þau að áfram verður unnið að því að efla samstarf og þjónustu við sambandsaðila og þeirra fólk. Ég hef oft bent á að eitt af þeim atriðum sem íþróttabandalögin hafa nefnt og segjast fá svolítið bággt fyrir í sínu starfi er að þau séu talin of afreksmiðuð. Því er áhugavert að horfa til þess hve stór hluti iðkenda er afreksfólk. Trúlega er það nálægt 20% og þá er spurningin, hver er þjónustan við hin 80% iðkenda sem ekki eru í afreksíþróttum? Þar að auki eru einhverjir sem ekki stunda íþróttir og hreyfingu. Til þessa hópa, þ.e. ca 80% iðkenda, og þá sem ekki hafa tekið þátt í einhvers konar hreyfingu, tel ég að við þurfum að reyna að ná og fá til liðs við okkur og virkja. Það er til góðs fyrir einstaklingana og eins fyrir félögin okkar og samfélagið. Þarna tel ég að við eigum óunnið verk í okkar samfélagi. Eitthvað af þessu fólki kæmi til með að starfa í félögum í hreyfingunni.

Í dag er mikið rætt um að fjöldi fólks eigi í erfiðleikum vegna geðsjúkdóma. Hvað veldur? Eru til skýringar á þessum erfiðleikum? Getum við sem hreyfing eitthvað gert? Ég tel að aukin hreyfing geti hjálpað mörgum. Það þýðir án efa færri lyfseðla. Ég ræddi við sjúkráþjálfara nýlega sem sagði: „Það er verið að auka stress hjá ungu börnum með því að setja upp keppni í öllu á unga aldri? Varla fer nein æfing fram öðruvísi en það sé verið að undirbúa eða setja upp keppni og þetta á við niður í mjög ung börn.“ Þetta tel ég alls ekki hollt og of langt gengið. Það er verið að skapa spennu og auka stress. Mikið áhorf á alls konar skjái er einnig stressandi. Loks er hægt að nefna afleiðingar fíkniefna eins og kannabis sem mörg ungmenni byrja að nota og víða í samfélaginu er talað eins og þau séu nær skaðlaus. Það er öðru nær. Í því efni er orðin nauðsyn á að samfélagið allt geri átak í að draga úr þeirri skoðun að þessi efni séu skaðlítill eða skaðlaus.

Íhugum hvernig öflug og áhrifamikil hreyfing, eins og við erum, getur lagt lið í að bæta og efla lýðheilsu með einum eða öðrum hætti.

Ég nefndi #metoo-málefni hér áðan en það er mál sem ég tel að við verðum að láta okkur miklu varða og vanda allt starf sem snýr að því. Þær frásagnir og sá vitnisburður sem sagt hefur verið frá er auðvitað ekki í ásættanlegur og þörf á samstöðu til að bæta úr. Við höfum hvarvetna hvatt til þess að þau mál, sem upp koma, séu færð til fagaðila sem eru til og reynt að færa úr því nærsamfélagi sem brotin, ef um brot er að ræða, eiga sér stað. Þar hefur okkar hreyfing getað bent á og vísað til Æskulýðsvettvangsins, sem er samstarfverkefni UMFÍ, skátanna, Landsbjargar og KFUM og KFUK. Gildi Æskulýðsvettvangsins eru: vellíðan, velferð og öryggi. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur þær viðbragðsáætlanir sem þar eru settar upp í málum sem tengjast einelti, kynferðislegu ofbeldi og slíkum málum og meðhöndluð eru af ráðgjafahópi um einelti annars vegar og fagraði um kynferðisbrotamál hins vegar. Þar eru mjög góðar leiðbeiningar um hvernig á að taka á málum. Lagafrumvarp er í vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi þessi málefni. Ég hvet ykkur öll til að taka þessi mál föstum tökum og láta engin slík málefni óátalin og vinna að því að koma þeim í réttan farveg, hjá fagfólki.

Það er mikil þörf fyrir sjálfbóðaliða í hreyfingunni, hvar sem við búum og störfum að íþrótt- og ungmennafélagsmálum. Því er nauðsyn að hlúa að þeim sem gefa sig í að starfa sem sjálfbóðaliðar, hvort sem það er að halda utan um ýmis gögn félaga, starfa á keppnissvæðum, stýra unglingastarfi, dómgæslu eða hvað annað sem til fellur. Við verðum að gefa okkur tíma til að umbuna þessum einstaklingum á einhvern máta. Ég fór í jarðarför á Akureyri fyrir nokkru, þar sem einstaklingur á 94. aldurári var jarðsunginn. Hann hafði starfað nær alla sína ævi að ýmsum íþrótt- og félagsmálum og var heiðursfélagi í sex félögum. Hann safnaði öllu sem hann komst yfir sem tengdist íþrótt- og æskulýðsstarfsemi, kom því fyrir hjá Minjasafninu og á fleiri slíkum stöðum. Slíkir einstaklingar eru til og við þurfum á þeim að



halda. Við þurfum einnig þá sem leggja minna til en hann gerði, finna hentug verkefni sem hæfa hverjum og einum.

ÍSí hefur boðað til fundar/ráðstefnu, um miðjan nóvember nk., í tengslum við samþykkt síðasta Íþróttapings þar sem fjallað verður um íþróttahéruðin. Það er orðið tímabært að fara yfir lög um íþróttahéruð, hlutverk þeirra, þjónustu, stærð og fleira. Þar mun stjórn UMFÍ vera þátttakandi ásamt fleirum. Ég hvet sambandsaðila til að senda fulltrúa sína á þessa ráðstefnu. Þá væri gott að fá ábendingar frá sambandsaðilum á málefnum íþróttahéraða sem myndu koma til góða í umræðum á ráðstefnunni. Einnig vil ég hvetja sambandsaðila til að koma með ábendingar til okkar um málefni sem koma hreyfingunni við, hvort sem er í héraði eða á landsvísu.

Búið er að auglýsa eftir umsóknum um að halda Unglingalandsmótin 2021 og 2022. Þá er uppgjör við „Landsmótið“ á Sauðárkróki og ákvörðun um framhald þess á næstunni. Ég vona að við getum átt uppbyggilegar umræður um það hér á fundinum og fengið fram skoðanir sambandsaðila okkar á mótinu og framtíð þess.

Ungmennafélag Íslands er stór hluti af menningarstarfsemi í landinu og við getum verið og eigum að vera stolt af okkar framlagi. Ég hvet alla til að leggja sitt af mörkum til að kynna okkar hreyfingu og fylgja eftir því góða og jákvæða viðhorfi sem mér finnst við finna fyrir nú um stundir.

Ég vona að við eigum hér skemmtilegan fund með líflegum og góðum umræðum um okkar málefni. Það er það sem á að skila okkur áfram og að fá tengsl við grasrótina.

Ég segi 42. sambandsráðsfund UMFÍ settan.

Kosning starfsmanna fundarins:

Jón Páll Hreinsson var kosinn fundarstjóri.

Sigurður Óskar Jónsson og Örn Guðnason voru kosnir fundarritarar.

Ávörp gesta:

Ingi Björn Guðnason, HSV, bauð gesti velkomna til Ísafjarðar. Hann bar kveðju formanns HSV sem gat ekki verið á fundinum. Þakkaði stjórn UMFÍ fyrir óformlegan fund sem haldinn var fyrr í dag. Ingi Björn fór yfir málefni íþróttaskóla HSV, sem er samstarfsverkefni HSV, aðildarféлага HSV og Ísafjarðarbæjar, og hefur gengið vel. Hann sagði frá dvöl sinni á Ingjaldssandi, þar sem Ungmennafélagið Vorblóm hafði verið starfandi. Þar er nú einn bóndi og engin starfsemi í félaginu.

Yfirlit yfir störf frá síðasta þingi:

Skýrsla stjórnar

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni hreyfingarinnar, Landsmótin öll, hreyfivíkuna o.fl. Fræðsla og forvarnir skipa stóran sess í skýrslunni, auk útbreiðslu- og kynningarstarfs, náttúru- og umhverfismála, og styrkingu grasrótarstarfsins. Í fyrsta skipti í sögunni var útteilt meira en 150 milljónum úr lottói til sambandsaðila. Auður sagði jafnframt að UMFÍ legði áherslu á að vera nútímaleg og leiðandi samtök þar sem eru traustir stjórnarhættir. Einnig öflugur samstarfsaðili sem byggir á sjálfbærni og sjálfbærni. Hún þakkaði að lokum öllum þeim sjálfbærni sem komið hafa að verkefnum ársins.

Reikningar lagðir fram

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, gerði grein fyrir ársreikningi UMFÍ fyrir árið 2017. Tekjur umfram gjöld árið 2017 voru 11.012.879 kr. Rekstrarniðurstaða án fjármuna og fjárhagsliða var 9.723.412 kr. Um 46,8% af tekjum UMFÍ koma úr Lottó, um 28,2% frá ríkinu og um 25% eru aðrar tekjur. Eiginfjárhlutfall félagsins er 77% og veltufjárhlutfall 1,49.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Engilbert Olgeirsson, HSK, þakkaði öllum fyrir komuna á Unglingalandsmót í Þorlákshöfn og fjallaði einnig um mótið sem haldið verður á Selfossi 2020. Taldi hann ekki rétt að blanda saman Landsmótinu og Landsmóti UMFÍ 50+ eins og var gert á Sauðárkróki s.l. sumar. Honum fannst ársreikningur UMFÍ í finum málum, en myndi vilja greiða skuldir hraðar niður. Hann sagði frá því að HSK er um þessar mundir að gefa út heimildamynd um sögu Landsmóta UMFÍ á svæði HSK. Útgáfudagur er áætlaður seinni partinn í nóvember. Hvatti hann sambandsaðila til að kaupa eintak þegar diskurinn kemur út. Hann vildi einnig að meira væri gert úr skógræktarreitum ungmennafélagshreyfingarinnar.

Garðar Svansson, HSH, færði fundinum kveðju stjórnar HSH. Hann þakkaði fyrir styrk sem HSH fékk og fjölmenningsdag sem haldinn var á Hellissandi sama dag og sambandsráðsfundurinn. Garðar þakkaði einnig fyrir góða ársskýrslu. Hann sagðist hafa áhyggjur af ungmennabúðunum og vilja að þeirra framtíð væri skýrari. Hann fagnaði stórauknu samstarfi UMFÍ við ÍSÍ og önnur félagsamtök. Einnig var hann mjög ánægður með verkefnið Sýnum karakter. Hann lýsti einnig ánægju sinni með að sjá mikið af nýju fólki á fundinum og hvatti fundarstjóra til að fá fólk til að kynna sig.

Sigurður Guðmundsson, UMSB, þakkaði fyrir góða skýrslu. Hann hrósaði UMFÍ og HSK fyrir flott Unglingalandsmót í Þorlákshöfn. Sigurður tók undir með Engilberti að Landsmót UMFÍ 50+ verði að vera sér mót, en ekki inni í Landsmótinu.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir þær athugasemdir um ársreikning UMFÍ, sem framkvæmdastjóri HSK sendi inn fyrir fundinn.

Spurt var um skuldaniðurgreiðslur, en fyrirspurn um það hvort UMFÍ ætti að greiða langtímaskuldir hraðar niður var nefnd á síðasta þingi. Því var svarað að ekki hafi verið greitt sérstaklega inn á langtímaskuldir á síðasta ári.

Spurt var um sundurliðanir á ýmsum liðum og var upplýsingum um það varpað upp á skjá. Spurt var um hvað falli undir liðinn annar starfsmannakostnaður. Undir það falla liðir eins og tryggingar starfsfólks, námskeið, gjafir, árhátíð, vinnufatnaður og mötuneyti. Spurt var um hvers vegna liðurinn stjórnun og umsýsla hækki úr rúmum 12 milljónum í tæpar 19. Þar munar mestu um 3,5 mkr. vegna sambandsþings 2017. Rekstur tölvukerfa er einnig 3 mkr. hærrí en 2016 og endurskoðun fer úr 600.000 í 1.000.000 kr. Þá er lögfræðikostnaður 600.000 kr. á árinu. Aðrir liðir lækka eða standa í stað.

Spurt var um óinnheimtar kröfur, sem hafa hækkað talsvert milli ára. Þar er um að ræða Laugar, Skinfaxa, v63 og Stangveiðifélag.

Spurt var um verðbréfaeign, þ.e. skýringu á endurheimt vegna niðurfærðra verðbréfa upp á tæpar 4,5 milljónir kr. Skýringarnar tengjast VBS og Skjaldborg. Búið er að slíta Skjaldborg en ein úthlutun er eftir frá VBS.

Spurt var um skuldbindingu vegna sérverkefna. Aukagreiðsla frá Íslenskri getsþá árið 2016 var rétt tæpar 16 milljónir kr. Helmingur þeirrar upphæðar var ráðstafað í sérverkefni, hver eru þau? Fénu var ráðstafað í kynningarferð til Danmerkur, skjalavistunarkerfi fyrir sambandsaðila og í verkefnið Betra félag.

Bent var á það sem sést ekki í ársreikningi. Ekki sé hægt að sjá í ársreikningi afkomu ýmissa verkefna, s.s. Unglingalandsmót og Landsmót 50+. Tekjur og gjöld séu í samtölum með öðrum verkefnum. Helstu lykiltölur voru kynntar.

Einar Haraldsson, Keflavík, spurði um Þrastalund. Finnst skritið hversu illa hefur gengið að fá rekstraraðila þar til að borga sínar skuldir við UMFÍ. Þakkaði fyrir góða og vel myndskreytta skýrslu, en tók fram að hún passi illa í hillu.

Guðmundur Sigurbergsson, svaraði og sagði að það sé stundum þannig í rekstri að illa gangi að fá skuldunauta til að borga reikninga, en skrifstofa UMFÍ vinni áfram í málunum.

Afgreiðsla reikninga

Ársreikningur ársins 2017 var síðan borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, veitti UMSK hvatningarverðlaun UMFÍ 2018. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK, veitti verðlaununum viðtöku.

Hvatningarverðlaunin hlýtur UMSK fyrir nýsköpun og nýjungar í starfi á undanförunum árum. Þar á meðal er innleiðing og kynning á nýrri íþróttagrein á Íslandi; biathlon, útbreiðsla pannavalla á meðal sinna aðildarfélaga, skólamót í blaki og samvinnuverkefni innan UMSK



sem snúa að því að auka hreyfingu eldri borgara. Þá hefur UMSK stuðlað að auknu samstarfi með kynningar- og fræðsluferð til Bretlands.

Fundarstjóri bað fólk um að kynna sig. Á fundinn voru mættir:

Jónas Sigursteinsson HSB,
Garðar Svansson HSH,
Jóhann Björn Arngrímsson HSS,
Jónas Egilsson HSP,
Ingi Björn Guðnason, Baldur Ingi Jónasson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV,
Guðlaugur Jónsson HHF,
Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson HSK,
Gunnar Gassi Gunnarsson UÍA,
Þórarinn Hannesson UÍF,
Rúnar Aðalbjörn Pétursson USAH,
Sigurður Guðmundsson og Guðrún Þórðardóttir UMBS,
Jón Egill Jónsson UDN,
Ásdís Sigurðardóttir UMSE,
Valdimar Gunnarsson og Magnús Gíslason UMSK,
Þorvaldur Gröndal UMSS,
Erla Þórey Ólafsdóttir og Þorsteinn Kristinsson USVS,
Reimar Marteinnsson USVH,
Sigurður Óskar Jónsson USÚ,
Einar Haraldsson Keflavík,
Harpa Guðmundsdóttir UFA,
Bjarni Már Svavarsson UMFG,
Ívar Guðmann Jónsson og Sunneva Kjartansdóttir UMFK,
Ólafur Eyjólfsson UMFN,
Guðmundur Árnason UMFF,
Anna Bjarnadóttir USK,
Helgi Gunnarsson Vesturhlíð,
Marteinn Ægisson og Petra Ruth Rúnarsdóttir UMFP,
Haukur Valtýsson, Örn Guðnason, Guðmundur Sigurbergsson, Gunnar Gunnarsson,
Ragnheiður Högnadóttir og Lárus B. Lárusson stjórn UMFÍ,
Auður Inga Þorsteinsdóttir, Helgi Gunnarsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sabína Steinunn
Halldórsdóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir og Guðbirna K. Þórðardóttir, starfsfólk UMFÍ.

Hvað er að fréttu?

Kynning, staða ungmennabúða, Landsmótið. – Framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir hluta þessara mála í fjarveru Jóhanns Steinars Ingimundarsonar, stjórn UMFÍ, sem var forfallaður.

Fram kom að framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar verður m.a. rætt á ráðstefnu á vegum ÍSÍ, með aðkomu UMFÍ, í nóvember.

Nefnd um stöðu ungmennabúða, sem í eru Jóhann Steinar Ingimundarson, Guðmundur Sigurbergsson og Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ, hefur farið yfir ýmsar sviðsmyndir um framtíð ungmennabúða UMFÍ. Niðurstaðan er sú að stjórn UMFÍ hefur leitað samninga við Bláskógabyggð um framtíðarheimili ungmennabúðanna á Laugarvatni.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir vinnu fjárhags- og fasteignanefndar varðandi húsnæðismál UMFÍ. Í nefndinni sitja auk hans Guðmundur L. Gunnarsson, UMFF, Guðríður Aadnegard, HSK, og Lárus B. Lárusson, stjórn UMFÍ.

Guðmundur kynnti húsnæðisstefnu UMFÍ:

Húsnæði UMFÍ á að styðja við þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi hreyfingarinnar á hverjum tíma.

UMFÍ vill búa vel að starfsfólki sínu og að því líði vel á vinnustað. Aðbúnaður og vinnuaðstaða starfsfólks á að vera til fyrirmyndar og sambærileg við það sem best gerist. Þó skal ráðdeildar ávallt gætt í hvívetna og að vel sé farið með fé hreyfingarinnar.

Húsnæði UMFÍ skal ávallt standa sambandaðilum til boða og vera þeim opið til að nýta sér aðstöðuna til eflingar starfsins, þeim að kostnaðarlausu.

Guðmundur fór yfir upplýsingar um húsnæðið á Sigtúni 42, kosti þess og galla. Kostir eru m.a. þeir að húsið er vel staðsett, rúmgott, vandað og vel við haldið og UMFÍ til sóma. Gallar eru m.a. að húsið er of stórt fyrir núverandi starfsemi. Vegna stærðar þarf að reiða sig á leigutaka. Rekstrarkostnaður hefur hækkað töluvert undanfarin ár og sameignin er stór og kostnaðarsöm.

Þarfragreining á húsnæði hefur farið fram. Það þarf að vera minna, 250–300 m², helst á jarðhæð með mismunandi rýmum. Í því þarf að vera vinnuaðstaða fyrir gesti, fundaaðstaða fyrir smærri fundi og kaffikrúkur fyrir gesti og gangandi.

Guðmundur sagði að síðar á fundinum verði borin upp tillaga þess efnis að sambandsráðsfundur heimili stjórn að auglýsa eignina til sölu og selja ef viðunandi tilboð fæst. Samhliða yrði farið í leit að nýju húsnæði og nýtt húsnæði annað hvort keypt eða leigt.

Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ, fór yfir helstu þætti er tengjast Landsmótinu sem haldið var á Sauðárkróki í sumar. Mótið tók við af Landsmóti UMFÍ og var opið öllum. Minni áhersla var lögð á keppni en verið hefur. Mótið gekk vel, en markmið um keppendafjölda náðist og niðurstaða verður væntanlega innan skekkjumarka



fjárhagsáætlunar. Áætlanir um gestafjölda voru nokkuð á reiki. Rúmur helmingur keppenda, sem voru skráðir 1.033, eða 53%, var að mæta á landsmót í fyrsta skipti. Langflestir tóku þátt í 1–2 greinum eða um 61%. Um 88% myndu mæla með mótinu við aðra, 8% myndu ekki mæla með því. Að lokum var sýnt myndband með svipmyndum frá Landsmótinu og Unglingalandsmótinu.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir hvað er að gerast í kringum hreyfinguna, þ.e. í samfélaginu öllu. Hraði samfélagsins er alltaf að aukast og endalausar upplýsingar í boði. Hún lagði áherslu á að mikilvægt sé að ungmennafélagshreyfingin sé vakandi um málefni líðandi stundar, t.d. umhverfismál, lýðheilsu, þátttöku, rafrænar íþróttagreinar, upplifun og minningar. Auknar kröfur séu á fagmennsku í íþróttahreyfingunni og fleiri launaða starfsmenn. Samstaða og samvinna hafi aldrei verið mikilvægari.

Mál lögð fyrir fundinn:

Tillögur fyrir 42. sambandsráðsfund UMFÍ 20. október 2018 á Ísafirði

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, lagði fram tillögu nr. 1.

Tillaga nr. 1 - frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018, samþykkir eftirfarandi rekstraráætlun fyrir árið 2019.

Heildaryfirlit um rekstur 2019
Áætlun

	Aðal sjóður	Ungmenna búðir	Fræðslu og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	111.800.000	17.800.000			129.600.000
Lottó og getraunir	168.900.000		12.600.000		181.500.000
Aðrar tekjur	49.380.000	56.300.000		700.000	106.380.000
	330.080.000	74.100.000	12.600.000	700.000	417.480.000
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	76.648.526	41.673.980			118.322.506
Annar rekstrarkostnaður	97.983.920	35.600.000			133.583.920
Lottó til sambandsaðila	142.121.000				142.121.000
Veittir styrkir	2.000.000		12.600.000	1.000.000	15.600.000
Afskriftir	3.924.600	1.224.600			5.149.200
	322.678.046	78.498.580	12.600.000	1.000.000	414.776.626
Afkoma f. fjármagnslíði	7.401.954	(4.398.580)	0	(300.000)	2.703.374
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur	800.000		1.000.000	400.000	2.200.000
Greiddir vextir og verðbætur	(2.700.000)				(2.700.000)
Áfallnar verðbætur	(1.500.000)				(1.500.000)
	(3.400.000)	0	1.000.000	400.000	(2.000.000)
	4.001.954	(4.398.580)	1.000.000	100.000	703.374
Rekstramiðurstaða:	4.001.954	(4.398.580)	1.000.000	100.000	703.374

Sundurliðun

	Aðal sjóður	Ungmenna búðir	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Aðrar tekjur	49.380.000	56.300.000	0	700.000	106.380.000
Rekstrarframlög	2.000.000	4.500.000			6.500.000
Framlög frá EUF - (Styrkir)	5.500.000				5.500.000
Kostunaraðilar	12.300.000	0		700.000	13.000.000
Sölu tekjur	8.850.000				8.850.000
Leigutekjur	10.680.000	2.000.000			12.680.000
Þátttökugjöld	10.050.000	49.800.000			59.850.000
Annar rekstrarkostnaður	97.983.920	35.600.000	0	0	133.583.920
Húsnæðiskostnaður:	9.920.000	13.650.000			23.570.000
Rekstur áhaldna og tækja:	1.250.000	4.000.000			5.250.000
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	9.913.920	700.000			10.613.920
Skrifstofukostnaður:	4.010.000	650.000			4.660.000
Stjórnun og umsýsla:	15.860.000	470.000			16.330.000
Verkefni, kynning og útbreiðsla:	30.580.000	2.810.000			33.390.000
Erlend samskipti	1.400.000	300.000			1.700.000
Mótahald	25.050.000				25.050.000
Rekstur ungmennabúða		13.020.000			13.020.000

Vísað til fjárhagsnefndar.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, lagði fram tillögur 2–9.

Tillaga nr. 2 – frá stjórn UMFÍ
42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og sérstaklega ráðherra íþrótt- og menntamála fyrir framlagið og stuðninginn við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum. Hvatt er til þess að halda

áfram á sömu braut til að lyfta upp og vekja betur athygli á því mikilvæga íþróttta-, forvarna-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar um allt land.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 3 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Sveitarfélaginu Skagafirði fyrir góða aðstöðu og móttökur og Ungmennasambandi Skagafjarðar fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 28. Landsmóti UMFÍ og 8. Landsmóti UMFÍ 50+. Sveitarfélaginu Ölfus og Héraðssambandinu Skarphéðni er jafnframt þakkað fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 21. Unglingalandsmóti UMFÍ. Öllum sjálfboðaliðum eru færðar hjartanlegar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf á öllum viðburðum á árinu.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 4 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur sambandsaðila til að mæta öflugra á 9. Landsmót UMFÍ 50+ á Neskaupstað 2019 og á 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina 2019.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 5 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

fagnar því hversu vel mennta- og menningarmálaráðherra hefur stutt við íþróttahreyfinguna og verkefni hennar; skjót og góð viðbrögð gegn kynbundnu ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar. UMFÍ hlakka til þess að starfa með ráðherra að nýrri stefnumótun í íþróttta- og æskulýðsmálum.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 6 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn notkun tóbaks s.s. reyktóbaks, munntóbaks, neftóbaks, rafrettum eða öðrum afbrigðum tóbaks, níkótíns og öðrum birtingamyndum ávana- og fíkniefna.

Greinargerð: Almennt hefur dregið úr notkun tóbaks í gegnum árin. Árangurinn sýnir sig í því að mjög hefur fækkað í þeim hópi grunnskólanemenda sem virðist byrja að reykja. Á hinn bóginn er óhugnanlegt að sjá hversu margir í sama aldurshópi nota munntóbak og rafrettur. Hópurinn virðist stækka hratt sem notar þessar afurðir. Sýnt hefur verið fram á skaðsemi munntóbaks. Rannsóknir benda til að ungt fólk noti rafrettur án þess að hafa áður reykt tóbak. Verði ekki snúið vörn í sókn er



hætt við að erfitt verði að snúa þróuninni við og fleiri ánetjist rafrettum og munntóbaki með tilheyrandi og í sumum tilvikum óþekktum afleiðingum. Nauðsynlegt er að hvetja fólk innan hreyfingarinnar til að forðast notkun tóbaks í hvaða formi sem er. Það er aðeins hægt með því að vera fyrirmyndir yngri iðkenda.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 7 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), Æskulýðsvettvanginum (ÆV), Evrópu unga fólksins (EUF) fyrir vel unnin störf, gott samstarf á árinu og hvetur til áframhaldandi góðra verka. Jafnframt hvetur fundurinn sambandsaðila til að kynna sér ÆV og EUF betur og hvaða möguleikar eru þar í boði fyrir sambandsaðila.

Vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga nr. 8 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

veitir stjórn UMFÍ heimild til þess að kanna möguleika á og selja húsnæði UMFÍ að Sigtúni 42, fáist viðundandi verð fyrir. Í framhaldinu yrði gengið frá kaupum eða leigu á nýjum höfuðstöðvum sem mæta þörfum starfseminnar.

Sjá kynningu frá fjárhags- og fasteignanefnd.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga nr. 9 – frá stjórn UMFÍ

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

samþykkir persónuverndarstefnu UMFÍ sem unnin er í framhaldi af setningu laga nr. 90/2018.

Sjá fylgiskjal 2.

Vísað til allsherjarnefndar.

Engilbert Olgeirsson, HSK, lagði fram tillögu 10

Tillaga nr. 10 – frá HSK

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

samþykkir að fela stjórn UMFÍ að tryggja grunnfjármagn í undirbúning og framkvæmd á Unglingalandsmótum og Landsmótum 50+ á komandi árum. UMFÍ er falið að semja við fimm aðalsamstarfs- og styrktaraðila fyrir hvort mót fyrir sig til 3–5 ára í senn.

Greinargerð.

Það er ljóst að undirbúningur og framkvæmd ULM ár hvert er tímafrekur og kostnaðarsamur. Ýmis kostnaður hefur aukist á undanförunum árum, m.a varðandi nauðsynlega sérhæfðan búnað sem þarf að leigja, greiðslur til dómara í einstökum íþróttagreinum, aðstoð við sérhæfðar íþróttagreinar o.fl. Einnig er stór liður skemmtikraftar, sem eru ekki síður hluti af komu ungs fólks á ULM, ár hvert. Það þarf að vera í bland keppni og skemmtun. Á árum áður gerði UMFÍ samstarfssamninga við stór fyrirtæki til þriggja ára í senn en það hefur ekki verið í mörg ár. Það er UMFÍ sem á þetta fjöregg sem ULM er og getur eitt farið út á örkina og sótt fjármagn og gert samninga til að styðja við framkvæmd á góðu móti ár hvert. Að semja við fimm aðila um 1 milljón ár hvert, á hvert fyrirtæki gerir gott mót enn betra og alla framkvæmd þess. Þó framkvæmd landsmóts 50+ sé ekki jafn kostnaðarsöm, þarf engu að síður að tryggja grunnfjármagn til að hægt sé að framkvæma það með miklum myndarbrag.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Nefndarstörf

Einar Haraldsson, Keflavík, var skipaður formaður fjárhagsnefndar. Aðrir sem starfa í nefndinni eru: Sigurður Guðmundsson UMSB, Lárus B. Lárusson UMFÍ, Reimar Marteinson USVH, Jóhann Björn Arngrímsson HSS, Ívar Guðmann Jónsson UMFK, Guðmundur Sigurbergsson UMFÍ, Anna Bjarnadóttir USK, Erla Þórey Ólafsdóttir USVS, Jónas Egilsson HSP, Engilbert Olgeirsson HSK, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV, Guðmundur Árnason UMFF, Gunnar Gunnarsson UÍA og Helgi Gunnarsson Vesturhlíð.

Guðríður Aadnegard, HSK, var skipuð formaður allsherjarnefndar. Aðrir sem starfa í nefndinni eru: Ásdís Sigurðardóttir UMSE, Þorvaldur Gröndal UMSS, Guðrún Þórðardóttir UMSB, Garðar Svansson HSH, Ragnheiður Högnadóttir UMFÍ, Þorsteinn M. Kristinsson USVS, Bjarni Már Svavarsson UMFG, Ólafur Eyjólfsson UMFN, Rúnar Aðalbjörn Pétursson USAH, Sunneva Kjartansdóttir UMFK, Guðlaugur Jónsson HHF, Valdimar Gunnarsson UMSK, Þórarinn Hannesson UÍF, Örn Guðnason UMFÍ, Magnús Gíslason UMSK, Harpa Guðmundsdóttir UFA, Petra Ruth Rúnarsdóttir UMFÞ, Martein Þórisson UMFÞ og Haukur Valtýsson UMFÍ.

Kaffihlé

Nefndir skila álit, afgreiðsla mála

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, kvaddi sér hljóðs og greindi frá því að Ólympíuleikar æskunnar væru nýafstaðnir. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu.

Tillaga nr. 11

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,



færir keppendum, þjálfurum og fararstjórum hamingjuóskir með glæsilegan árangur á Ólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 6.–18. október 2018.

Samþykkt samhljóða.

Tillögur frá Allsherjarnefnd

Guðríður Aadnegard gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar.

Tillaga nr. 2

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og sveitarfélögum fyrir framlagið og stuðninginn við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum. Hvatt er til þess að halda áfram á sömu braut til að lyfta upp og vekja betur athygli á því mikilvæga íþróttá-, forvarna-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar um allt land.

Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ, benti á að ráðherra hafi upphaflega verið inni í þessari tillögu því uppbyggingarsjóður landsmótsstaða sé á borði ráðherra. Hann lagði fram breytingartillögu þess efnis að ráðherra íþróttá- og menntamála sé ennþá inni.

Guðríður svararði því að tillaga 5 þakki ráðherra sérstaklega, auk þess sem ráðherra sé hluti ríkisstjórnar.

Breytingartillaga Gunnars var síðan borin upp svona:

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands, íþróttá- og menntamálaráðherra og sveitarfélögum fyrir framlagið og stuðninginn við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum. Hvatt er til þess að halda áfram á sömu braut til að lyfta upp og vekja betur athygli á því mikilvæga íþróttá-, forvarna-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar um allt land.

Samþykkt með 17 atkvæðum gegn 11.

Tillaga nr. 3

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Sveitarfélaginu Skagafirði fyrir góða aðstöðu og móttökur og Ungmennasambandi Skagafjarðar fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 28. Landsmóti UMFÍ og 8. Landsmóti UMFÍ 50+. Sveitarfélaginu Ölfusi og Héraðssambandinu Skarphéðni er jafnframt þakkað fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð á 21. Unglingalandsmóti UMFÍ. Öllum sjálfboðaliðum eru færðar hjartans þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf á öllum viðburðum á árinu.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 4

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur sambandsaðila til að mæta öfluga á 9. Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað 2019 og á 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði verslunarmannahelgina 2019.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 5

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

fagnar því hversu vel mennta- og menningarmálaráðherra hefur stutt við íþrótt- og æskulýðshreyfinguna og verkefni hennar; sérstaklega skjót og góð viðbrögð gegn kynbundnu ofbeldi.

Haukur Valtýsson, lagði til litla orðalagsbreytingu.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 6

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur sambandsaðila til að taka höndum saman og standa með tilheyrandi aðilum gegn notkun tóbaks og nikótíns s.s. reyktóbaks, munntóbaks, neftóbaks, rafrettum og öðrum birtingamyndum ávana- og fíkniefna.

Greinargerð: Almennt hefur dregið úr notkun tóbaks í gegnum árin. Árangurinn sýnir sig í því að mjög hefur fækkað í þeim hópi grunnskólanemenda sem virðist byrja að reykja. Á hinn bóginn er óhugnanlegt að sjá hversu margir í sama aldurshópi nota munntóbak og rafrettur. Hópurinn virðist stækka hratt sem notar þessar afurðir. Sýnt hefur verið fram á skaðsemi munntóbaks. Rannsóknir benda til að ungt fólk noti rafrettur án þess að hafa áður reykt tóbak. Verði ekki snúid vörn í sókn er hætt við að erfitt verði að snúa þróuninni við og fleiri ánetjist rafrettum og munntóbaki með tilheyrandi og í sumum tilvikum óþekktum afleiðingum. Nauðsynlegt er að hvetja fólk innan hreyfingarinnar til að forðast notkun tóbaks í hvaða formi sem er. Það er aðeins hægt með því að vera fyrirmyndir yngri iðkenda.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 7

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

þakkar Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), Æskulýðsvettvanginum (ÆV) og Evrópu unga fólksins (EUF) fyrir vel unnin störf, gott samstarf á árinu og hvetur til áframhaldandi góðra verka.



Jafnframt hvetur fundurinn sambandsaðila til að kynna sér ÆV og EUF og hvaða möguleikar eru þar í boði.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 9

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

Samþykkir persónuverndarstefnu UMFÍ sem unnin er í framhaldi af setningu laga nr. 90/2018.

(Sjá fylgiskjal 2).

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 12 – ný tillaga frá allsherjarnefnd

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur til þess að lokið verði við vinnu við stefnumótun í íþrótt- og æskulýðsmálum hjá mennta og menningarmálaráðuneytinu.

Auður Inga Þorsteinsdóttir sagði bæði stefnu í íþróttamálum og stefnu í æskulýðsmálum vera til hjá ráðuneytinu.

Garðar Svansson lagði fram smávægilega orðalagsbreytingu.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 13, ný tillaga frá Allsherjarnefnd

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

hvetur stjórn UMFÍ til þess að hrundið verði af stað öflugum forvarnastarfi vegna neyslu kannabisefna.

Þorsteinn M. Kristinsson, USVS, sagði að staðan í dag væri sú að það sé í rauninni faraldur í gangi í þessum málum. Því sé nauðsynlegt fyrir UMFÍ að taka kannabisefnin fyrir sérstaklega og vinna gegn útbreiðslu þeirra.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 14 – ný tillaga frá allsherjarnefnd

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

Hvetur stjórn UMFÍ til að auka fræðslu um heilbriggt lífverni svo sem þá hættu sem fylgir neyslu orkudrykkja og annarra ávanabindandi efna í matvælum.

Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður UMFÍ, fagnaði tillögunni og sagði að vinna tengd þessu væri þegar hafin innan skrifstofu UMFÍ.



Þorvaldur Gröndal, UMSS, finnst að ef ætti að fara í svona fræðslu, yrði það gert í samráði við viðeigandi heilbrigðisyfirvöld. Lagði til að því yrði bætt inn í tillöguna.

Ásdís Sigurðardóttir, UMSE, vildi frekar einblína á eitthvað eitt efni, þ.e. að tillagan sé svona:

Hvetur stjórn UMFÍ til að auka fræðslu um heilbriggt lífferni svo sem þá hættu sem fylgir neyslu koffíndrykkja.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir, starfsmaður UMFÍ, sagði að starfsmenn tækju oft þátt í ýmsum góðum verkefnum, en stundum séu afar lítil viðbrögð við því starfi frá sambandsaðilum. Hún lagði til að allir myndu vinna saman að þessum málum.

Guðlaugur Jónsson, HHF, sagði frá reynslu sinni af sykurfíkn og að sykur sé sér í raun hættulegur. Hann vill því hafa „önnur ávanabindandi efni í matvælum“ inni.

Engilbert Olgeirsson, HSK, lagði til litla orðalagsbreytingu.

Garðar Svansson, HSH, lagði til litla orðalagsbreytingu.

Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi tillaga borin upp:

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

Hvetur stjórn UMFÍ til að auka fræðslu um heilbriggt lífferni, í samstarfi við viðeigandi heilbrigðisyfirvöld, um þá áhættu sem fylgir neyslu koffínríkra drykkja og annarra ávanabindandi efna í matvælum.

Samþykkt samhljóða.

Tillögur frá Fjárhagsnefnd

Einar Haraldsson gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar.

Tillaga nr. 8

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

veitir stjórn UMFÍ heimild til þess að kanna möguleika á því að selja húsnæði UMFÍ að Sigtúni 42, fáist viðundandi verð fyrir. Jafnframt yrði gengið frá kaupum eða leigu á nýjum höfuðstöðvum sem mæta þörfum starfseminnar.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 10

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,



samþykkir að fela stjórn UMFÍ að leitast við að tryggja grunnfjármagn í undirbúning og framkvæmd mótahalds á vegum UMFÍ, í samstarfi við mótshaldara á hverjum stað.

Greinargerð.

Ljóst er að undirbúningur og framkvæmd ULM ár hvert er tímafrekur og kostnaðarsamur. Ýmis kostnaður hefur aukist á undanförunum árum, m.a. varðandi nauðsynlega sérhæfðan búnað sem þarf að leigja, greiðslur til dómara í einstökum íþróttagreinum, aðstoð við sérhæfðar íþróttagreinar o.fl. Einnig er stór liður, skemmtikraftar, sem eru ekki síður hluti af komu ungs fólks á ULM ár hvert. Það þarf að vera í bland keppni og skemmtun. Á árum áður gerði UMFÍ samstarfssamninga við stór fyrirtæki til þriggja ára í senn en það hefur ekki verið í mörg ár. UMFÍ á þetta fjöregg sem ULM er og getur eitt farið út á örkina og sótt fjármagn og gert samninga til að styðja við framkvæmd á góðu móti ár hvert. Að semja við fimm aðila um 1 milljón ár hvert, á hvert fyrirtæki, gerir gott mót enn betra og alla framkvæmd þess. Þó framkvæmd Landsmóts 50+ sé ekki jafn kostnaðarsöm þarf engu að síður að tryggja grunnfjármagn til að hægt sé að framkvæma það með miklum myndarbrag.

Þorvaldur Gröndal, UMSS, spurði hver mótshaldarinn væri: Er það UMFÍ eða er það viðkomandi sambandsaðili?

Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, svaraði því og sagði að UMFÍ ætti mótið, en sambandsaðilar héldu mótið í umboði UMFÍ. Hann lagði til að „í samstarfi við mótshaldara á hverjum stað“ falli út.

Guðmundur Árnason, UMFF, lagði til að „mótshaldari“ breytist í „framkvæmdaraðili“.

Helgi Gunnarsson dró tillögu sína til baka og lagði til að tillaga Guðmundar verði samþykkt.

Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ, benti á að „mótshaldari“ sé orðið sem notað sé í samningi um mótahaldið.

Guðmundur Árnason dró sína tillögu til baka.

Tillagan því borin til atkvæða í upprunalegu formi frá nefndinni.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 1

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018,

Samþykkir eftirfarandi rekstraráætlun fyrir árið 2019:

(Sjá fylgiskjal 1)

Nefndin lagði til að áætlunin verði samþykkt óbreytt.

Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, útskýrði hvernig fjárhagsáætlun er unnin.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál



Jónas Egilsson, HSP, kynnti íþróttastefnu HSP „Æfum alla ævi“.

Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, þakkaði Auði framkvæmdastjóra UMFÍ fyrir hvatningarerindið sem hún flutti fyrir í dag og sagði að hún mætti alveg gera þetta oft.

Hann sagði frá nokkrum heimsóknum til DGI, systursamtaka UMFÍ í Danmörku og að UMFÍ gæti margt lært af starfi DGI og öðrum erlendum samtökum. Hann sagði einnig frá samstarfsverkefni Umf. Selfoss/HSK/Árborgar við DGI Östjylland, en það verkefni fékk á þessu ári Erasmus+ styrk frá Evrópu unga fólksins.

Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður UMFÍ, sagði frá bláum vestum sem allir fundarmenn gætu tekið með sér heim.

Einar Haraldsson, Keflavík, hvatti UMFÍ til að vera stolt af sínu vörumerki, t.d. með því að hafa merkið á öllu sem sent er út. Hann vill einnig efla heimasíðuna og benti á að fundargerðir mættu koma fyrir inn á síðuna. Þakkaði fyrir góðan fund.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, svaraði Einari og sagði að strax verði farið í það að koma fundargerðum inn á heimasíðuna

Valdimar Gunnarsson, UMSK, þakkaði fyrir viðurkenninguna sem UMSK var veitt fyrir á fundinum. Hann sagði að hún hefði komið sé á óvart. UMSK væri á leiðinni í heimsókn til Englands til að vinna að verkefni sem ætti að fá fleiri iðkendur, sem ekki finna sig í hefðbundnum íþróttagreinum, inn í starf félaganna. Lagði svo til að klappað væri fyrir stjórn og starfsmönnum UMFÍ, sem gert var.

Ásdís Sigurðardóttir, UMSE, spurði hvort UMFÍ og ÍSÍ væru að vinna í samningum við Air Iceland Connect um afsláttarkjör á flugmiðum fyrir landsbyggðina. Hún lagði einnig til að formenn og/eða framkvæmdastjórar sambandsaðila í dreifðum byggðum myndu hittast á óformlegum fundi og ræða saman um þessi mál. Ásdís sagði einnig frá því að hún fór á Unglingalandsmót í Þorlákshöfn, þar sem sást ekki vín á nokkrum manni. Þá taldi hún rétt að hækka aldurshámark á Unglingalandsmót.

Auður Inga Þorsteinsdóttir sagði að UMFÍ væri ekki aðili að samningi ÍSÍ og Air Iceland Connect. UMFÍ sé með samning við AIC en yfirleitt sé hagstæðara að nýta sér nettilboð. Henni leist vel á fundinn sem Ásdís nefndi.

Marteinn Ægisson, Umf. Þrótti, benti á að fyrir Alþingi lægi fyrir frumvarp sem skiptir hreyfinguna miklu máli. *Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.*

Markmið laganna er að styðja við mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir félagasamtaka til almannaheillar og hvetja til þess að þau efli starfsemi sína eða bæti aðstöðu sína. Undanþegin gildissviði laga þessara er mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir þar sem lögbundin starfsemi hins opinbera mun fara fram. Endurgreiða skal félagasamtökum til almannaheilla fjárhæð sem nemur virðisaukaskatti sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna. Hér eru hugsjónir, lýðheilsa og almannaheill undir. Marteinn hvatti alla til að kynna sér málið og halda því á lofti.



Jón Páll Hreinsson, fundarstjóri þakkaði fyrir sig og hvatti hreyfinguna til dáða í framtíðinni.

Fundarslit

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn, og fundarmönnum fyrir klappið. Hvatti síðan fólk til að halda lífi í litlu félögunum út um allt land. Þakkaði að lokum öllum fyrir góðan fund og óskaði mönnum góðrar heimferðar.

Sambandsráðsfundi slitið kl. 18:50.